

25. fundur

Safna- og menningarmálanefnd hélt fund miðvikudaginn 28. ágúst 2002 kl. 18:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru Guðrún Anna Gunnarsdóttir, Sigrún Ársælsdóttir, Jóhanna Guðmundsdóttir, Ægir Jóhannsson, Laufey V. Hjaltalín og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Guðrún Anna var kjörin formaður nefndar og Sigrún Ársælsdóttir kjörin ritari.

Óli Jón ræddi um erindisbréf sem nefndarmönnum var afhent í fundarbyrjun. Bað fólk um að skoða þetta milli funda.

Guðrún Anna fór á fund með Þjóðminjaverði og fulltrúa úr menntamálaráðuneyti um stefnumótun í safnamálum, þar var rætt um stefnumótun í samvinnu sveitarfélaga.

Guðrún sagði frá viðgerð á þaki Norska hússins, sagði kostnað hafa farið langt fram úr áætlun.

Fram fóru umræður um aukið hlutverk safnanefndar með menningarmál í brennipunkti.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:10.

Sigrún Ársælsdóttir (sign.),
Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.).

Íhs.